

06813


---

# LÍFRÍKI SJÁVAR

---

# HÁFUR

eftir Gunnar Jónsson



## HÁFUR

### Flokkur

Brjóskfiskar Selachii (Chondrichthyes)

### Ættbálkur

Háfiskar Pleurotremata

### Ætt

Gaddháfar Squalidae

### Ættkvísl

Háfar Squalus

### Tegund

Háfur *Squalus acanthias* Linnæus, 1758

### Erlend nöfn:


Fær.: háur, d.: pighaj, n.: pighå, s.: pigghaj, þ.: Gemeiner Dornhai, fr.: aiguillat commun, e.: spur-dog, piked dogfish, spiny dogfish, sp.: mielga, port.: galhudo-malhado.

### Stærð

Háfurinn hefur mælst lengstur um 160 cm í Norðaustur Kyrrahafi en hann er sjaldan lengri en 120 cm í Atlantshafi.

### Lýsing

Háfurinn er grannvaxinn og langvaxinn brjóskfiskur. Mesta hæð er rétt framan við fremri bakugga. Haus er lítill og trjóna mjó. Kjafur er smár, tennur allstórar og eins í báðum skoltum. Bakuggar eru tveir og allstórir og greinilegir gaddar í þeim framanverðum. Gaddur í aftari bakugga er stærri en í fremri bakugga. Eyruggar eru meðalstórir en kviðuggar frekar smáir og raufarugga vantar eins og hjá öllum háfiskum þessarar ættar. Sporður er stór. Húðgaddar



1. mynd. Háfur (*Squalus acanthias*).

eru smáir. Rák er allgreinileg (1. mynd).

### Litur

er grár að ofan og hvítur eða ljós á kvið. Á hliðum á milli eyr- og kviðugga eru ljósir dílar.

### Heimkynni

Háfurinn finnst í hinum tempruðu hlutum Atlants- og Kyrrahafs en ekki í hitabeltinu. Í Norðaustur Atlantshafi finnst hann við Ísland og hefur hann fundist allt í kringum land þótt hann sé frekar sjaldséður undan Norður- og Austurlandi. Hann er í Hvítahafi og meðfram endilangri strönd Noregs og inn í Kattegat, Skagerak, dönsku sundin og allt inn í Eystrasalt. Þá er háfur við Færeyjar, Bretlands-eyjar, í Norðursjó, Ermarsundi, Biskajafloa og allt suður til Marokkó og Vestur-Sahara. Hann finnst í Miðjarðarhafi og í Svartahafi. Í Suðaustur-Atlantshafi er hann við S-Afríku. Þá er háfur við Austur- og Vestur-Grænland, Kanada og Bandaríkin og allt til Kúbu. Einnig við Úrúgvæ og Argentínu í Suður-Ameríku. Í Kyrrahafi finnst hann við Chíle og vesturströnd Bandaríkjanna og Kanada frá Kaliforníuskaga norður í

Béringshaf við Alaska og þaðan meðfram Síberíu og til Japans, Kóreu og Norður-Kína. Einnig er hann við Suður-Ástralíu og e.t.v. Nýja-Sjáland. Háfurinn í Norður Kyrrahafi er af sumum fræðingum talin vera sérstök tegund — *Squalus suckleyi* eða undirtegund *S. acanthias suckleyi* (2. mynd).

### Lífshættir

Háfurinn lifir allt frá yfirborði sjávar niður á um 900 metra dýpi í heit- og kaldtempruðum sjó. Hann virðist kunna best við sig í 7–15°C heitum sjó og selturikum. Hann þolir þó seltulítinn strandsjó en ferskvatn forðast hann. Hann heldur sig mest á landgrunninu og í hliðum landgrunnshallans. En hann fer í langar göngur um úthöfin og háfur merktur við Noreg hefur veiðst við Ísland auk þess sem háfurinn virðist flækjast á milli Ameríku og Evrópu og í Kyrrahafi frá N-Ameríku til Japans. Annars er háfurinn talinn vera hægfara sundfiskur sem kemst víða þótt hægt fari. Hann syndir um í stórum torfum og þegar þessar stóru torfur birtast hrökklast allir fiskar í burtu undan þeim. Ekki er háfurinn talinn vera lífshætturlegur mönnum þó hann

geti bitið vel frá sér og bakuggagaddar eru hættuleg vopn sem hann beitir óspart þegar að honum er vegið og geta þeir valdið sárum og sviða þeim sem fyrir verða.

### Fæða

Háfurinn er gráðugur fiskur og étur hann allskonar beinfiska og þá stundum stóra. Meðal fiska sem verða honum að bráð má nefna síld, loðnu, þorsk, ýsu, ufsa, löngu o.fl. þorskfiska, sandsíli, flestar tegundir flatfiska, marhnút o.fl. tegundir. Sennilega étur hann alla þá fiska sem hann ræður sæmlega við en þó síður brjóskfiska. Hann étur fiska af línu og úr netum og er óvinsæll hjá fiskimönnum víða um lönd þess vegna. Auk fiska étur háfurinn allskonar hryggleysingja og má nefna smokkfisk, stórkabba, rækjur, marflær, ljósátu, burstaorma, skeldýr og jafnvel sæbjúgu og hveljur.

### Got

Háfurinn á unga allt að 14 í einu en oftast 4–6. Meðgöngutími er 18–24 mánuðir — getur verið breytilegur eftir svæðum. Þörun fer fram að vetrarlagi og got að vetri, vori eða sumri. Ungar eru 22–33 cm við got.

### Aldur

Unnt er að aldursákvæða háf með því að telja hringi sem myndast í uggagöddum. Háfurinn virðist vera hægvoxta og getur hann náð háum aldri eða a.m.k. 35–40 árum og sumir telja jafnvel að hann geti orðið allt að 100 ára gamall. Hann verður seint kynþroska og geta hrygnur þá verið orðnar 10–20 ára og 80–100 cm langar en hængar 6–10 ára og eldri og 60–70 cm.

### Óvinir

Helstu óvinir fullorðinna háfa eru auk mannsins alls konar stór- háf-


ar, stórir beinfiskar, selir og háhyrningur.

### Nytsemi

Háfurinn er veiddur og nýttur víða m.a. hér við land. Hann er veiddur í botnvörpu, á línu og í net. Hann þykir herramannsmatur og er étinn ýmist ferskur, reyktur, marineraður eða saltaður. Einnig er unnið lýsi úr lifrinni, hann er nýttur sem gæludýrafæða, gert úr honum fiskimjöl og áburður og skrápurinn er sútaður í leður. Geta má þess að áður fyrr var háfurinn nýttur hér, hertur og þurrkaður og notaður til eldsneytis.

### Heimildir og itarefni:

Bjarni Sæmundsson. 1926. *Fiskarnir (Pisces Islandiae)*. Íslensk dýr, 1. Reykjavík. Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar. Gunnar Jónsson. 1992. *Íslenskir fiskar*. 2. útg. aukin. Fjölvaút-gáfan.



2. mynd. Útbreiðslusvæði háfs.